

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 136 / 1111

komudagur 9.3.2009

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

6. mars 2009

Tilvísun: 2009020097

Umsögn um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, þskj. 135, 125. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá viðskiptanefnd Alþingis, dags. 26. febrúar 2009, þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, þskj. 135, 125. mál.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins

1. Fjármálaeftirlitið leggur til að ákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Lög þessi gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efnudum lántaka. Stofnanir og fyrirtæki geta m.a. verið viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, váttryggingafélög, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna.“

Fjármálaeftirlitið telur óheppilegt að takmarka gildissvið laganna við lán eða aðra lánafyrirgreiðslu með því skilyrði að lántaki útvegi ábyrgðarmann til tryggingar efnudum. Erfitt getur verið að sanna að stofnun eða fyrirtæki hafi gert það að skilyrði að lántaki útvegi ábyrgðarmann til tryggingar efnudum.

2. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ekki tilgreint að ábyrgðarmaður gangist í ábyrgð fyrir annan einstakling eða lögaðila.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Með ábyrgðarmanni er átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sínar til tryggingar efnudum lántaka, enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnureksturs ábyrgðarmanns.“

3. Fjármálaeftirlitið leggur til að ákvæði 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Persónuleg ábyrgð er annaðhvort einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð. Sé í ábyrgðarsamningi ekkert tekið fram um hvers konar ábyrgð sé að ræða skal hún álitin einföld.“

4. Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að í Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er fjallað um skuldabréfalán, víxla og önnur skuldaskjöl, yfirdráttarheimild á tékkareikningum og úttekt með kreditkortum. Fjármálaeftirlitið leggur því til að bætt verði í löggin skilgreiningu á hugtakinu lán.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

5. Fjármálaeftirlitið leggur til að 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Lánveitandi skal meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka.“

Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins

6. Fjármálaeftirlitið leggur til að ákvæði h. liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði fellt brott. Fjármálaeftirlitið telur nægilegt að greiðslumat lántaka taki mið af þessum lið og að ábyrgðarmaður sé upplýstur um greiðslugetu lántaka sbr. b. lið.

Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

7. Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið „andlát“ sé notað í c. lið. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins í stað orðsins „lát“.


8. Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið „innheimtukostnaður“ sé notað í stað orðsins „vanskilakostnaður“ í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, með vísan til innheimtulaga nr. 95/2008.

Athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins

9. Fjármálaeftirlitið leggur til að greiðslugetu lántaka sé gefið meira vægi, í ljósi markmiða frumvarpsins, þannig að ábyrgð ábyrgðarmanns falli brott ef upp kemst að greiðslumat hafi ekki verið byggt á viðurkenndum viðmiðum. Þá er átt við ef greiðslumatið endurspeglar ekki greiðslugetu lántaka og að lánveitandi vissi eða mátti vita um það. Greiðslumat lántaka er viðmið sem ábyrgðarmaður notar þegar hann metur þá áhættu sem hann gengst undir með ábyrgð sinni. Í almenna hluta greinargerðarinnar er fjallað um að rauði þráðurinn í frumvarpinu sé sá að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felst áður en hann gengst undir hana. Því er lagt til að þær upplýsingar sem lánveitandi veitir ábyrgðarmanni sé gefið meira vægi með því t.d. að kveða á um brottfall að hluta eða í heild ef forsendur fyrir áhættumati ábyrgðarmanns hafa brostið vegna rangrar eða ófullnægjandi upplýsinga frá lánveitanda sem lánveitandi vissi eða mátti vita um, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Hildur Jóna Júlíusdóttir